

Fríverslunarsamtök Evrópu

22



Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, voru stofnuð árið 1959 með undirritum Stokkhólmsamkomulagsins og tóku til starfa ári seinna. Stofnlönd EFTA voru Bretland, Svíþjóð, Danmörk, Norður, Austurríki, Sviss og Portúgal. Ísland bættist svo í hópinn árið 1970, Finland 1986 og síðast Lichtenstein árið 1991.

Frá árinu 1995 eru aðeins fjögur lönd með aðild að EFTA. Það eru Ísland, Noregur, Sviss og Lichtenstein. Hin löndin sex hafa öll gengið í Evrópusambandið.

Samtökin voru stofnuð að frumkvæði Bretlands sem sá sér ekki fært að gerast aðili að EBE við stofnun þess árið 1957,¹ meðal annars vegna sérstaks fríverslunarsamnings sem þeir höfðu við Samveldislöndin. Bretar keyptu ódýra matvöru af Samveldislöndunum og óttuðust að tapa þessum viðskiptum ef Bretland gengi í Efnahagsbandalag Evrópu. Margar þjóðir óttuðust líka það yfirþjóðlega vald sem fólst í stofnunum og samþykktum EBE og alítu að það skerti sjálftæði þeirra.

EFTA-þjóðirnar voru sér mjög meðvitaðar um þann efnahagslega ávinning sem aðild að efnahagsbandalagi hefði í för með sér en treystu sér ekki til að stíga skrefið til fulls inn í EBE og stofnuðu þess vegna EFTA. Markmiðið með EFTA var að koma á frjálsri verslun milli aðildarlandanna með afnámi tolla og annarra viðskiptahafta á iðnvarningi. Í EFTA er enginn ytri tollur gagnvart þjóðum utan samtakaanna. Hver þjóð ákvæður sína viðskiptastefnu gagnvart óðrum þjóðum. EFTA voru því

¹ Evrópusambandið (ESB) hét Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) þegar það var stofnað árið 1957 og árið 1967 var tekið upp nafnið Evrópubandalagð (EB). Það var notað þar til 1992 þegar nafninu var breytt í Evrópusambandið.

fyrst og fremst samtök um frjáls viðskipti á iðnvarningi á milli aðildarlandanna.

Megináherslan var lögð á að fella niður tolla á iðnaðarvörum en tollar voru einnig felldir niður að hluta á sjávarfurðum og landbúnaðarvörum. Svíþjóð, Ísland og Danmörk felldu niður tolla á eldhúsinnréttungum vegna þess að þær voru framleiddar í öllum löndunum. Ísland framleiddi Rafha-eldavélar sem þyddi að feldir voru niður tollar af öllum eldavélum sem fluttar voru inn frá hinum aðildarlöndunum. Ef varan var ekki framleidd í landinu þurfti ekki að fella niður tolla af henni þegar hún var flutt inn frá aðildarlöndunum.

Ísland varð aðili að samningnum árið 1970, eins og aður sagði, en sékk tju ára aðlögunartímabil, þ.e. frá 1970 til 1980. Á þessu tímabili voru smátt og smátt felldir niður tollar á vörum sem einnig voru framleiddar hér á landi. Nær allur innréttungaðnaður okkar lagðist af í kjölfarið enda mikil stærðarhagkvæmni í greininni og ómögulegt fyrir smáfyrirtæki, sem framleiddu eingöngu fyrir heimamarkað á Íslandi, að keppa við fyrirtæki sem verksmiðjuframleiddu mikil magn með margfalt lægri kostnaði. Kexframleðslan hvarf nær alveg svo og íslensk skógerð og fataiðnaður en sælgætisframleðslan varð fjölbreyttari en aður vegna aukinnar samkeppni.

EFTA hefur að meginmarkmiði að stuðla að frjásum viðskiptum milli aðildarlandanna fjögurra en auch þess hefur það tvö önnur meginverksvið. Höð fyrira er að gera fríverslunarsamninga við lönd utan EFTA og sjá um að eftir þeim sé farið. EFTA hefur gert fimmtíðan sílka fríverslunarsamninga við lönd vitt og breytt um heiminum. Þessi vinna fer fram í höfuðstöðvum EFTA í Genf í Sviss en þar hafa aðildarríkin fastað fulltrúa.

Hitt svíðið er aðstoð við að halda utan um og fylgja eftir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði (EES-samningnum) frá 1992. EES-samningurinn er samningur þriggja EFTA-landa, Íslands, Noregs og Lichtenstein, við Evrópusambandið. Tvíhliða fríverslunarsamningar höfðu aður verið gerðar árið 1973 milli EB og sjó EFTA-landa og var Ísland eitt þeirra. Hugmyndina að Evrópsku efnahagssvæði má rekja allt aftur til ársins 1989. Jacques Delors forseti framkvæmdastjórnar EB flutti það á ræðu á fundi Evrópuþingsins í Strassborg þar sem hann reifaði hugmyndir sínar um aukið samstarf EFTA og EB. Á leiðtogaði

Evrópskt efnahagssvæði

EES-samningurinn



EFTA-ríkjanna sama ár lýstu EFTA-ríkin sig tilbúin til að kanna möguleika á náara samstarfi við EB. Endanlegur samningur um EES var staðfestur hér á landi 1. janúar 1994. Með samningnum um EES urðu EFTA-löndin þrijú aðilar að innri markaði Evrópusambandsins sem byggir á frjálsri för vinnuafsls, fjármagns, vörus og þjónustu innan þessa svæðis. Starf EFTA vegna EES-samningsins fer fram á EFTA-skrifstofunnini í Brussel.

Aðalstofnun EFTA er EFTA-ráðið sem heldur fundi tvívar í mánuði en tvívar á ári eru fundi þar sem ráðherrar aðildarríkjanna hittast og eru það nær undantekningarlaust utanrikisráðherrar EFTA-landanna sem koma til þeirra funda. Hlutverk EFTA-ráðsins hefur frá upphafi verið þríþætt en það er að tryggja viðskipti á milli landanna á grundvelli sanngjarnar samkeppni, að greiði fyrir tengslum við önnur riki, ríkjasambond og alþjóðastofnanir og að hafa eftirlit með framkvæmd EFTA-samningsins.

Íslensk iðnaðarframleiðsla frá Rafha

EFTA-ráðið

Verkefni

- 1** Hvað er EFTA?
- 2** Hvenær og hvers vegna var það stofnað og hver voru stofnriki þess?
- 3** Hvaða lönd eru í EFTA í dag?
- 4** Hvert var frá upphafi meginhlutverk EFTA?
- 5** Hvar eru höfuðstöðvar EFTA?
- 6** Hvenær gengu Íslendingar í EFTA?
- 7** Hver hefur verið reynsla íslenskra iðntýrtækja af EFTA-aðildinni?
- 8** Hver eru meginhlutverk EFTA í dag?

Evrópusambandið**23****Uppruni og markmið****Efnahagsbandalag Evrópu (EBE)**

Efnahagsbandalag Evrópu var stofnað í Róm árið 1957 með undirritun Rómarsáttmálans en tók til starfa ári seinna, þ.e. 1958. Sex lönd stóðu að stofnun Efnahagsbandalags Evrópu: Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Holland, Belgía og Lúxemborg.

Það voru þrjár meginástæður fyrir stofnun EBE:

- Óskin um frið í Evrópu. Stofnendur EBE trúðu því að aukin viðskiptaleg og efnahagsleg tengsl drægju úr líkum þess að styrjaldir brytust á ný út í Evrópu.
- Löndin vildu mynda viðskiptaheild sem gæti skapað efnahagslegt mótvægi við Bandaríkin í vestri.
- Löndin vildu mynda viðskiptaheild sem gæti skapað efnahagslegt mótvægi við Sovétríkin og Austur-Evrópu.

**Evrópubandalagið (EB)**

Efnahagsbandalag Evrópu tók upp nýtt nafn árið 1967 og varð að Evrópubandalaginu. Árið 1973 stækkaði Evrópubandalagið þegar þrjú ný lönd bættust við: Bretland, Írland og Danmörk. Gríkkland bættist síðan við árið 1981 og Spánn og Portúgal árið 1986.

Evrópusambandið (ESB)

Evrópubandalagið tók enn upp nýtt nafn 1992 og heitir síðan Evrópusambandið. Árið 1995 komu Finnland, Svíþjóð og Austur-ríki inn í ESB. Og í maí 2004 bættust enn tíu lönd í hópinn. Það voru Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Eistland, Lettland, Iaitháen, Kýpur, Malta, Slóvenía og Slóvakia. Þann 1. janúar 2007 bættust síðan tvö lönd með 30 milljónir íbúa í hópinn. Bessi lönd eru Búlgaria og Rúmenía.

Árið 2007 þegar fimmtri ár voru liðin frá stofnun EBE voru